



Viðtakandi: Íþrótt- og menningarráð
Sendandi: Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Reykjavík, 9. september 2026

MIR26080018

MINNISBLAÐ

Minnisblað

Þann 28. ágúst sl. á fundi Íþrótt- og útilífsráðs lagði fulltrúi Miðflokksins til að Íþrótt- og útilífsráð myndi fela sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs að ganga frá samningi við Íþróttafélagið Aþenu um umsjón og rekstur á íþróttahúsinu við Austurberg, án tafar. Þá skuli sviðsstjóra falið að úthluta kjallara hússins til Aþenu, til félagsaðstöðu.

Sviðsstjóri vill upplýsa Íþrótt- og útilífsráð um stöðu málefna Aþenu og aðstöðumál í Austurbergi áður til að gera ráðinu mögulegt að taka upplýsta afstöðu til tillögu fulltrúa Miðflokksins.

- Varðandi þann þátt tillögunnar sem lýtur að því að fela sviðsstjóra að ganga frá samningi við Íþróttafélagið Aþenu um umsjón og rekstur á íþróttahúsinu við Austurberg, án tafar.
 - Samningamál milli Reykjavíkurborgar og Íþróttafélagsins Aþenu eru í rýni á sviðinu. Verið er að afla nauðsynlegra gagna, m.a. er lúta að þarfagreiningu fyrir Íþróttafélagið Aþenu og kanna hugsanlega afnotapörf annarra félaga sem halda eða vilja halda úti íþróttastarfi í Efra-Breiðholti, til að undirbyggja síðari ákvörðunartöku.
- Varðandi þann þátt tillögunnar sem lýtur að úthlutun kjallara Austurbergs til Aþenu til félagsaðstöðu.
 - Umhverfis- og skipulagssvið hefur lýst því yfir í minnisblaði, dags. 28. apríl 2026, að rýmið sé óhæft undir hvers kyns starfsemi og hafi ekki hlotið öryggisúttekt, sbr. hjálagt fylgiskjal. Það er því ekki á forræði menningar- og íþróttaráðs að verða við kröfu Íþróttafélagsins Aþenu um aðgengi að kjallaranum.

Virðingarfyllt,
Steinþór Einarsson
sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Fskj. Minnisblað umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. apríl 2026



Reykjavík



Viðtakandi: Menningar- og íþróttasvið (MÍR)
Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið(USK)

Reykjavík, 28. apríl 2026

MINNISBLAÐ

Varðandi upplýsingabeðið MÍR um stöðu á kjallaranum í Austurbergi, vegna óskar Aþenu um framkvæmdir og afnot af kjallaranum.

Forsaga

Kjallarinn í Austurbergi er nú aðskilinn í tvö rými (með vegg/hurðum). Rýmið sem er vestan megin hefur verið eyrnamerkt fyrir endurnýjun tæknikjallara Breiðholtslaugar en hitt rýmið það er austan megin hafði ekki verið nýtt í töluverðan tíma en hugmyndir voru uppi um að það gæti nýst undir tímabundna starfsemi. Árið 2024 var ráðist í framkvæmdir að hálfu USK í kjallaranum sem gerðu afnot allra að kjallararýmum ómöguleg. Framkvæmdir voru stöðvaðar um sumarið 2025 þegar í ljós kom að þær væru mun umfangs- og kostnaðarmeiri en áætlað var, m.a. væru allar rafmagnslagnir í miklum ólestri. Þar með brustu forsendur fyrir afnotum af kjallaranum.

Hluti af þeim framkvæmdum sem þó var ráðist í árið 2025 snéru m.a. að flóttaleiðum og öðrum brunavörnum, loftræsingum, salernum o.fl. Þær framkvæmdir leiddu enn frekar í ljós hversu samofin notkun á kjallararýmum er og nauðsyn þess að framkvæmdum tengdum sundlaug yrði forgangsraðað og þeim lokið áður en mögulegt yrði að ráðast í aðrar framkvæmdir í kjallaranum.

Síðastliðið ár hefur staðið yfir undirbúningur vegna nauðsynlegrar endurnýjunar á tæknikjallara Breiðholtslaugar. Nú liggur fyrir að stór hluti af ónotuðu kjallararými (vestan megin) verður nýttur undir tæknirými laugarinnar og stendur þá til að flytja allan búnað tengdum sundlauginni úr austur hluta í vestur hluta. Við þá endurnýjun þarf að flytja flest lykilverfi sundlaugarinnar m.a. hluta loftræstikerfis, tölvur, tölvukassa, afgreiðsluverfi, aðalinntak rafmagns og myndavélakerfis. Í ljósi þess hvert umfang viðhalds og endurnýjunar lagnaleiða er og þess hve samofið það er tæknikjallara sundlaugar þarf að ljúka við að endurnýja hann áður en annað rými í kjallaranum verður tekið í notkun.

Fyrirhugaðar framkvæmdir og notkunarmöguleikar á framkvæmdatíma

Þegar framkvæmdir vegna endurnýjun tæknikjallara sundlaugar hefjast mun það hafa áhrif á allan kjallarann og hafa í för með sér mikið rask. Tryggja þarf aðgengi framkvæmdaraðila á framkvæmdatíma. Ofangreindur flutningur á búnaði tengdum sundlauginni mun eiga sér stað á mismunandi tímum framkvæmda, eftir því sem verkinu vindur fram. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við tæknikjallara hefist árið 2027 og að framkvæmdir taki um þrjú ár.



Reykjavík



Það liggur fyrir að rýmið í kjallaranum er ekki hæft fyrir neina starfsemi, enda hefur það ekki hlotið öryggisúttekt. Sótt verður um öryggisúttekt þegar endurnýjun tæknikjallara sundlaugar er lokið. Vegna þessa er ekki öruggt né heimilt að vera með starfsemi í kjallaranum á meðan á framkvæmdum stendur.

Þegar framkvæmdum í tæknikjallara sundlaugar lýkur er hægt að hanna og fjármagna standsetningu á austurhluta kjallarans, í samræmi við þarfir notenda hans. Þess má geta að það verkefni telst ekki til almenns viðhalds, eins og talið var í upphafi heldur er þetta nú skilgreint sem meiriháttar viðhald og endurnýjun sem þarfnast fjárfestingar.

Í ljósi ofangreinds er því ekki hægt að verða við þeirri ósk að heimila framkvæmdir og/eða afnot í kjallaranum í Austurbergi.

Virðingarfyllst,
Ragnheiður Sigvaldadóttir, skrifstofustjóri skrifstofu eignastýringar (USK)
Gréta Björnsson, staðgengill skrifstofustjóra skrifstofu framkvæmda og
fasteignaþjónustu (USK)



Reykjavík